

Fyrirspurn

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um rannsóknarleyfi Orkubús Vestfjarða.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Hvers vegna hafa öll rannsóknarleyfi vegna sex hugsanlegra vatnsaflsvirkjana á Vestfjörðum verið veitt einkaaðilum en ekki Orkubúi Vestfjarða sem er eina orkufyrirtækið í almannaeigu á Vestfjörðum?
2. Hafa Orkubúi Vestfjarða verið veitt einhver rannsóknarleyfi og ef svo er, hvar og hversu stórir eru þeir virkjunarkostir sem leyfin lúta að miðað við uppsett afl virkjunar?
3. Hver er afstaða ráðherra til þess að almenningsfyrirtækið Orkubú Vestfjarða hafi orðið svo afskipt, hvað telur ráðherra að skýri þessa stöðu og er áformað að bregðast við henni?

Skriflegt svar óskast.